

Alþingi
Erindi nr. Þ 143 / 1699
komudagur 8.4.2014

----- Forwarded message -----

From: **Jóhannes Sturlaugsson** <johannes@laxfiskar.is>

Date: 2013-02-26 15:03 GMT+00:00

Subject: Breytingar á reglugerð um fiskeldi - Beiðni Laxfiska um gögn málsins

To: ingimar.johannsson@anr.is

Cc: arnor.snaebjornsson@anr.is, kristjan.skarphedinsson@anr.is

Sæll Ingimar.

Þann 18. apríl 2012 var útgefin reglugerð (nr. 401) um fiskeldi eftir að breytingar höfðu verið gerðar á innihaldi fyrri reglugerðar um þau mál.

Breytingarnar fólu í sér að skyldumerkingar með örmerkjum á hluta laxaseiða sem flutt eru í kvíar til áframeldis voru afnumdar. Rannsóknafyrirtæki undirritaðs Laxfiskar var aðili málsins þar sem við sinntum þessum merkingum. Skemmst er frá að segja að ég vissi ekki af þessari reglugerðarbreytingu fyrr en hún var um garð gengin. Þær breytingar vörðuðu atvinnu sem fyrirtæki mitt hafði af því að örmerkja laxaseiði vegna kvíaeldis. Atvinnu sem var að engu orðin í kjölfar þess að ný reglugerð tók gildi. Þrátt fyrir greinilega hagsmuni Laxfiska í þessu máli var ekki óskað eftir umsögn af okkar hálfu svo sem eðlilegt hefði verið.

Fyrir hönd Laxfiska óskar undirritaður eftir útlitun á ferli málsins og ölium gögnum um þær breytingar sem gerðar voru á reglugerðinni með hliðsjón af afnámi örmerkinga laxaseiða og þeirra þátta sem leystu það ákvæði af hólmi. Þar á meðal upplýsingar og gögn er varða eftirfarandi þætti málsins:

Hvaða aðili lagði umræddar breytingar til, þ.e.a.s. að örmerkingar skyldu aflagðar og erfðamörk notuð í stað þeirra auðkenna.

Umsögn Veiðimálastofnunar

Umsagnir annarra

Vinsamlegast sendið mér staðfestingu á móttöku þessa pósts.

Með von um skjóta og vandaða afgreiðslu,

Jóhannes Sturlaugsson
Laxfiskar
Grandagarði 33, 101 Reykjavík
www.laxfiskar.is



Laxfiskar ehf.
Hraðastöðum 1
270 Mosfellsbær

ATVINNUVEGA- OG
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

Skólagaða 4 150 Reykjavík
sími: 545 9700 postur@anr.is www.anr.is

Reykjavík 5. mars 2013
Tilv.: ANR13020328/4.2.7

Efni: Beiðni um upplýsingar og gögn varðandi reglugerð nr. 401/2012, um fiskeldi.

Ráðuneytið vísar til tölvubréfs yðar frá 26. febrúar 2013, þar sem óskað er eftir tilteknum upplýsingum og gögnum um setningu reglugerðar nr. 401/2012, um fiskeldi.

Í tölvubréfi yðar kemur fram að þér teljið að Laxfiskar ehf. hafi verið aðili að tilteknu stjórnarsýslumáli þegar sett var reglugerð nr. 401/2012, um fiskeldi, og að samkvæmt því hafi ráðuneytinu verið skylt að veita félaginu kost á að gera athugasemdir við efni reglugerðarinnar áður en hún var birt í B-deild Stjórnartíðinda. Af því tilefni vill ráðuneytið vekja athygli á ákvæði 2. mgr. 1. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, en þar segir m.a.:


"Lögin gilda þegar stjórnvöld, þar meðal stjórnarsýslumefndir, taka ákvarðanir um rétt eða skyldu manna. Þau gilda þó ekki um samningu reglugerða né annarra stjórnvaldsfyrirmæla."


Samkvæmt því er það niðurstaða ráðuneytisins að ekki hafi verið skylt samkvæmt stjórnarsýslulögum nr. 37/1993 að veita félaginu kost á að gera athugasemdir við efni reglugerðarinnar áður en hún var birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Einnig gilda ákvæði 15. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 um aðgang aðila að gögnum máls aðeins þegar teknar eru stjórnvaldsákvarðanir, sbr. framangreint ákvæði 2. mgr. 1. gr. laganna en samkvæmt því er það niðurstaða ráðuneytisins að félagið eigi ekki rétt samkvæmt því ákvæði á að fá afhent þau gögn sem til eru í ráðuneytinu um setningu reglugerðarinnar.

Með vísan til 1. mgr. 5. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 hefur ráðuneytið hins vegar ákveðið að afhenda félaginu ljósrít af þeim umsögnum sem bárust sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu um drög að reglugerðinni áður en hún var birt í B-deild Stjórnartíðinda en umrædd ljósrít fylgja bréfi þessu.

Fyrir hönd ráðherra


Ingimar Johannsson


Sigríður Nordmann